

**Sp.**

**494. Fyrirspurn**

**[166. mál]**

til samgöngumálaráðherra um veitingu sérleyfa til fólksflutninga með bifreiðum.

Frá Jóni Kjartanssyni.

1. Hvers vegna synjaði ráðherra á s. l. vetri Verzlunarfélagi Vestur-Skaftfellinga í Vík um leyfi til áætlunarferða fólksbifreiðar með vörupalli — og einnig síðar um undanþágu — á leiðinni Reykjavík—Vík—Hörgsland þrátt fyrir einróma meðmæli skipulagsnefndar fólksflutninga með bifreiðum?
2. Hefur ráðherra á þessu ári synjað öðrum umsóknum um sérleyfi, sem skipulagsnefnd hafði einróma mælt með, og ef svo er, hverjum?